

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2024 (129. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 07.10.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

1. Umsókn Isavia um framkvæmdaleyfi vegna landmótunar á fyrirhuguðu Demantssvæði

Vísað er til fyrri fundargeða nefndarinnar varðandi mál þetta.

Formaður skipulagsnefndarinnar gerði grein fyrir fundi með forstjóra Isavia varðandi málið.

Tillögur um úrbætur hafa ekki borist. Skipulagsnefndin leggur áherslu á að þær berist fyrir næsta fund nefndarinnar sem haldinn verður í nóvember n.k. og þar verði gerð sérstök grein fyrir hvernig gengið verður frá svæðinu fyrir veturinn eins og rætt var á fundi með fulltrúum Isavia 24. júní s.l.

2. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2023 -2040, vinnslutillaga

Formaður skipulagsnefndarinnar gerði grein fyrir fundi sínum með forstjóra Isavia um NA/SV flugbrautina. Hugmyndir eru um að unnt gæti verið að flytja brautina til suðvesturs og gæti það gert framkvæmdir við Demantssvæðið mögulegar. Isavia mun setja vinnu í gang við að skoða þennan möguleika.

Varðandi vindgreiningu á áhrifum Demantssvæðisins á aðrar flugbrautir, sem var til umfjöllunar á síðasta fundi skipulagsnefndarinnar, óskar nefndin eftir að skýrsluhöfundur komi á næsta fund nefndarinnar til frekari skýringar á málinu.

3. Vestursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting. Gildistaka

Með auglýsingu í B – deild Stjórnartíðinda, dags. 13. september 2024 og birt 30. september 2024, tók framangreind deiliskipulagsbreyting gildi. Til kynningar.

4. Austursvæði Keflavíkurflugvallar, deiliskipulagsbreyting. Gildistaka

Með auglýsingu í B – deild Stjórnartíðinda, dags. 4. september 2024 og birt 18. september 2024, tók framangreind deiliskipulagsbreyting gildi. Til kynningar.

5. Breyting á deiliskipulagi öryggissvæðisins, B svæði Keflavíkurflugvallar.

Tilkynning um niðurstöðu

Lagt var fram til kynningar erindi skipulagsfulltrúa öryggissvæða, dags. 12. 09.2024, þar sem tilkynnt er um samþykkt utanríkisráðuneytisins á deiliskipulagsbreytingu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Breytingin nær til bygginga 126, 127 og 128 sem eru á byggingarreit nr. 20 og nærsvæði þeirra.

6. Reykjanesbraut, álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun

Lagt var fram álit Skipulagsstofnunar, dags. 19.09.2024, á matsáætlun vegna framkvæmda við Reykjanesbraut frá Hafnavegi að Garðskagavegi,

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við álitid.

7. Beiðni um umsögn frá Reykjanesbæ, athafnasvæði A12 breyting á aðalskipulagi , lýsing. Ennfremur Ásbrú til framtíðar, Framtíðarsýn fyrir Ásbrú til 2050. Tillaga að rammahluta aðalskipulags Reykjanesbæjar 2020 - 2035

Vísað er til fyrri umsagna um mál þessi. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við framangreindar skipulagstillögur.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu þessara mála.

8. Ný vefsíða Isavia – kefairport.is

Skipulagsfulltrúi kynnti nýja vefsíðu Isavia.

9. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 18. nóvember 2024. Ákveðið var að boða RUMSK á fundinn svo og höfund skýrslu um vindgreiningu fyrir fyrirhugað Demantssvæði.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>